Nautgripir (mjólkurkýr og nautgripaeldi)

Nr.	Skoðunaratriði		Frávik	Alvarlegt frávik
Dýravelferð				
9.44.1	Fóðrun og brynning	Allir	Ef fóður eða beitiland uppfyllir ekki kröfur um viðhlítandi fóðrun. Ef drykkjavatn er skítugt eða ekki nægjanlegt	Ef skortur á fóðri/fóðrun er farin að hafa áhrif á holdafar svo dýrin eru farin að leggja af (Holdastig undir 2.5). Vantar vatn, frosið vatn
9.45.9	Heilbrigði	Allir	Athugasemd við hárafar, innri eða ytri óværu, sár, helti, sýkingar eða liðabólgu hjá einum grip	Margir gripir sem bera merki veikinda
9.41.3	Þekking geta og hæfni	Allir	Hver sá sem hefur dýr í umsjón sinni skal búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal einnig hafa nægilega getu til að annast dýrin	Umráðamaður sýnir af sér vítavert þekkingar/getuleysi í umhirðu nautgripa.
9.44.9	Holdafar	Allir	Þunnir gripir innná milli (2,5) sem ekki njóta sérstaks atlætis	Holdastig undir 2,5 og ekki leitað til dýralæknis. Margir þunnir gripir.
	Aðbúnaður			
9.42.1	Gólf - slysahætta, hálka, bleyta, óhreinindi	Allir	Viðhaldi og/eða frágangi ábótavant s.s. skemmd/biluð; gólf. Gólf hál og dýrin eiga erfitt með að fóta sig. Hæð á fóðurgangi ekki í samræmi v. reglugerð. Neyðarstopp á flórsköfum/flórþjarki í ólagi	Áverkar á gripum vegna slysahættu af gólfi.
9.42.2	Hönnun á rými - þröngir gangar, botnlangar, slysahætta	Allir	Of þröngir flórar/gangar, botnlangar, engar undankomuleiðir f. lægra setta einstaklinga og/eða slysahætta	
9.42.3	Sérstakar stíur - smákálfastíur, sjúkrastía,(burðarstía)	Allir	Engar sérstakar stíur/svæði f. mjólkurkálfa Engar sjúkrastíur/burðarstíur. Gripir ekki flokkaðir e stærð/aldri - hópaskiptingu ábótavant	
9.43.1	Innréttingar	Allir	Innréttingar þannig hannaðar að gripir geti fest sig/slasast. Viðhaldi ábótavant. Innréttingar ekki í samræmi við reglugerð	Verulegar slysagildrur fyrir dýr, Innréttingar verulega úreltar og hamla hreyfigetu og vellíðan gripanna.
9.43.3	Lýsing - lesbjart	Allir	Ekki lesbjart, næturlýsingu vantar og/eða full lýsing allan sólarhringinn	Hvorki lýsing né dagsbirta
9.43.4	Loftgæði og loftræsting	Allir	Mikill raki, blautir gripir, veggir og/eða loft blautt. Slepja, mygla og/eða fúkki. Dragsúgur, þungt loft, stækja, mikið ryk.. Engar varúðarráðstafanir vegna tæmingar á mykjugeymslu.	Líðan gripa slæm v. lélegrar loftræstingar. Smákálfar í kulda og trekki.
9.44.2	Hreyfigeta	Allir	Kálfar, gripir í uppeldi eða naut bundin að staðaldri. Halar bundnir að staðaldri. Kýr bundnar of stutt, ná ekki að sleikja sig. Kvígur með meira en 3 mánuði í burð bundnar á bás	Sár undan þröngum hálsböndum. Mikið um halabrot

9.44.4	Hreinleiki dýra/legusvæða	Allir	Skítugir/blautir gripir og legusvæði óhreint/blautt. Flórlæri. Ekkert þurrt og trekklaust legusvæði. Ekkert mjúkt undirlag, mottur þarfnast endurnýjunar. Báshalli rangur, bleyta í básum.	Mjög skítugir/blautir og vansælir gripir. Margir of skítugir gripir
9.44.5	Klaufhirða/hornhirða - helti	Allir	Klaufhirðu ábótavant hjá einum eða fleiri gripum. Sár, liðabólga eða annað sem leiðir til helti	Klaufir mikið vaxnar, snúnar, haltir gripir. Vöxtur horna farinn að valda dýri óþægindum án þess að aðhafast í málinu.
9.44.6	Rými og þéttleiki í stíum	Allir	Fleiri kýr en básar að staðaldri, > 5% í legubásafjósum með mjaltaþjón. Engir legubásar eða sambærilegt legurými. Of mikill þéttleiki í stíum miðað við kröfur reglugerðar Viðauki I	Allt of mikill þéttleiki í stíum miðað við kröfur reglugerðar.
9.44.7	Útivist - 8 vikur að lágmarki á græn grös f kýr og kvígur	Allir	Greinilegur misbrestur á ákvæðum reglugerðar um útivist. Allir gripir nema graðneyti yfir 6 mánaða og ungir kálfar eiga að fá að lágmarki 8 vikna útivist á grænu grasi.	Gripir ekki settir út. Engin sumarbeit.
9.44.8	Hljóðvist	Allir	Stöðugur og óþægilegur hávaði yfir 65 db	
9.44.10	Húð og hárafar - innri óværa	Allir	Merki um lús, sveppasýkingu eða aðra sýkingu í húð. Ef ummerki um sveppasýkingu þá er það tilkynningaskilt.	
	Eftirlit og umhirða			
9.41.2	Skráningar þjálfunar	Mjólk	Skráningum ábótavant gagnvart þjálfun starfsfólks	Engar skráningar
9.44.3	Eigið eftirlit - daglegt eftirlit. Sjúkir og slasaðir sér	Allir	Ekki daglegt eftirlit. Sjúkir og/eða slasaðir gripir ekki teknir sér og sinnt.	Mikið veikir/slasaðir gripir fá ekki viðeigandi meðferð og aðhlynningu
9.44.1	Sogþörf kálfa	Allir	Of fáar túttufötur, vanþrif á túttufötum/fóstrum.	Engar túttufötur eða annað til þess að uppfylla sogþörf kálfa
5.46.2	Slysavarnir	Mjólk	Engar hlífar á opum niður í haughús, vantar neyðarstopp á sköfur eða þjark	
9.44.12	Aðgerðir - geldingar, hornskellingar	Allir		Aðgerðir sem þarfnast deyfingar má eingöngu dýralæknir framkvæma, s.s geldingar, hornskellingu. Fara yfir í Heilsu hvort það sé ekki rétt og skráð þar - varðar stjórnvaldssekt.
5.46.2	Neyðarrýming	Allir	Of fáar útgöngudyr, ekki nógu gott aðgengi að útgöngudyrum, nota þarf verkfæri til að opna stíur	

Nautgripir (mjólkurkýr og nautgripaeldi)

Hollustuhættir				
2.31.1	Leyfi	Allir	Leyfi ekki til staðar	Eigandi hefur ekki forsendur skv. reglugerð til þess að halda nautgripi.
2.31.2	Vatnsleyfi einkavatnsból - sýnataka	Mjólk	Gefið út af heilbrigðiseftirliti. Sýnaniðurstöður ófullnægjandi	E.coli og/eða saurgerlar í vatni
4.35.1	Hönnun starfsstöðvar mjólkurhús	Mjólk	Veggir og gólf skulu gerð úr efnum sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Uppsöfnun á brúsum og drasli á gólfi, pollar á gólfi, vanþrif, léleg loftræsting, ónógar meindýravarnir	Varaafl vantar sbr 18.gr reg. 1065/2014.
6.32.1	Eftirlit með kælingu mjólkur	Mjólk	Hitastig yfir 6°C eða undir 0°C.	
	Viðmið fyrir hrámjólk	Mjólk	Líftala yfir 80 og frumutala yfir 400	
4.33.0	Mjólkurhús - þrif, loftræsting, meindýr	Mjólk	Óhreinindi í mjólkurhúsi, veggir, gólf. Aðskotahlutir í mjólkurhúsi. Skortur á loftræstingu - merki um sagga eða myglu. Ummerki um meindýr. Hundar/kettir í mjólkurhúsi	Ef á mjög slæmu stigi
4.33.1	Mjaltabúnaður - þrif og viðhald búnaðar og umhverfis hans	Mjólk	Mjaltabúnaður óhreinn, viðhaldi ábótavant. Umhverfi óhreint	Ef á mjög slæmu stigi
4.33.3	Þrif á byggingum og búnaði	Allir	Veggir skítugir, ryk á innréttingum, uppsafnaður skítur og drasl á gólfum	
4.32.1	Umhverfi útihúsa	Allir	Áhöld/drasl sem veldur slysahættu. Sóðaskapur. Meindýr byggja sér hreiður í drasli. Stétt eða malarlagi á hlaði ekki nægilega viðhaldið. Svað	
4.32.2	Meindýravarnir í mjólkurhúsi	Mjólk	Engar meindýravarnir - mýs eða flugur	
5.31.2	Hreinleiki gripa	Mjólk	Gripir óhreinir sjá skema undir velferðarþættir í skoðunarhandbók	Gripir mjög skítugir, eða margir skítugir gripir
8.45.2	Smitgát á býlinu	Allir	Þrifaaðstöðu ábótavant. Ekki aðstaða til handþvottar og þrifa á skófatnaði. Smákálfar lausir á fóðurgangi eða bundnir óhóflega lengi í fóðurgangi.	
3.32.2	Hlífðarfatnaður	Mjólk	Hlífðarfatnaður mjög óhreinn	Hlífðarfatnaður ekki til staðar
3.32.5	Handþvottur og salerni	Mjólk	Enginn aðgangur að handþvotti/salerni eða of langt í hann	
Vörumeðferð				

Nautgripir (mjólkurkýr og nautgripaeldi)

Fóður				
4.22.1	Meindýr/smitvarnir (ath. mengun af eitri)	Allir	Merki um meindýr í fóðri. Engar fyrirbyggjandi ráðstafanir gerðar til varnar því að meindýr komist í fóður. Eitur kemst í snertingu við fóður. Notuð er drekking eða límbakkar.	
4.23.1	Verklag þrifa (búnaður og fóðurgeymsla)	Allir	Aðstaða fyrir fóður skal vera vel um gengin og hrein. Ekki séu óæskileg efni geymd í fóðurgeymslum. Eru moð og fóðurrestar fjarlægt jafn óðum.	
5.24.2	Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs	Allir	Mikið af götóttum pakkningum um hey. Dýr komast í heystæður. Útistæður geymdar við ófullnægjandi aðstæður. Kjarnfóður geymt á ótryggan hátt. Drasl í fóðurgeymslu. Spilliefni í fóðurgeymslu	
Skráningar				
5.33.1	Sjúkdóma- og lyfjaskráning	Allir	Útrunnin lyf eða ólögleg. Lyfjaskráningar og/eða sjúkdómaskráningar ekki tiltækar.	
7.31.1	Merking gripa	Allir	Gripir ómerktir eða hafa týnt merkjum. Gripir merktir með ólöglegum merkjum.	
7.31.2	Hjarðbók	Allir	Skráningum í hjarðbók ábótavant	
8.45.1	Kaup og sala	Allir	Ekki skráð í Huppu og gripum fylgir ekki heilbrigðisvottorð við flutning yfir varnarlínu	
5.24.3	Skráningar á notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna		Skráningar ófullnægjandi s.s. á notkun eiturefna	
5.24.4	Skráningar á notkun sáðvöru		Skráningar ófullnægjandi.	Söluaðili ekki skráður sem slíkur.
6.21.1	Skráningar við móttöku fóðurs		Skráningar ófullnægjandi.	Söluaðili fóðurs ekki skráður sem slíkur.

Nautgripir (mjólkurkýr og nautgripaeldi)

Útigangur - Nautaeldi				
9.45.1	Skjól og húsrými - 3 veggir og þak	Nautaeldi	Skjól uppfyllir ekki kröfur reglugerðar. Engin aðstaða til þess að handsama gripir eða hlú að veikum/slösuðum gripum.	Ekkert skjól
9.45.7	Holdafar		Gripir sem ganga úti skulu vera af holdastigi 3 eða meira. Holdgrannir gripir, merki um vanþrif eða ónóga fóðrun. Holdastig 2.5	Holdastig undir 2,5
9.45.4	Fóðrun/brynning/beit		Gripir komast ekki allir að í einu. Gripir ekki nógu vel fóðraðir eða fóðurgæði ekki næg. Óþroskaðir og veikburða gripir standa á útigangi. Vatn ekki nægjanlegt eða hreinleiki þess ekki tryggður. Ekki nægilegt beitiland eða heyfóðrun	Frosið vatn, saurmengað vatn. Nauðbeitt beitiland og engin/ófullnægjandi gjöf.
9.45.9	Almennt heilbrigði - eigið eftirlit		Vansæld, óhirt sár, gripir sýna merki vanlíðunar. Eftirlit ekki nægjanlegt eða erfitt að hafa eftirlit.	Ekkert eftirlit eða því verulega ábótavant. Slösuðum/veikum gripum ekki sinnt. Margir gripir sem bera merki veikinda.
9.45.2	Umhverfi		Umhverfi óhentugt fyrir nautgripi, viðhaldi girðinga ábótavant, skortur á þurru legusvæði, svað.	Augljós slysahætta af vanhirtum girðingum eða öðru, drullusvað sem hindrar að gripir geti haldið sér hreinum.
9.45.5	Hreinleiki gripa/legusvæða		Þurrir kleprar á lærum og undir kvið, ekkert hreint legusvæði..	Gripir blautir af skít og mikil óhreinindi í feldi. Svað og ekkert þurrt legusvæði.
9.45.6	Klaufhirða/hornhirða		Ofvaxnar klaufir á fleiri gripum. Illa vaxin horn sem eru við það að særa gripinn	Klaufir mikið vaxnar, snúnar, haltir gripir. Vöxtur horna farinn að valda gripum óþægindum
5.33.1	Sjúkdóma- og lyfjaskráning		Útrunnin lyf eða ólögleg. Lyfjaskráningar og/eða sjúkdómaskráningar ekki tiltækar.	
7.31.1	Merking gripa		Gripir ómerktir eða hafa týnt merkjum. Gripir merktir með ólöglegum merkjum.	
7.31.2	Hjarðbók		Skráningum í hjarðbók ábótavant	Engar skráningar
8.45.1	Kaup og sala		Skráningum ábótavant, vottorð um heilbrigðisástand kaupagripa vantar	Engar skráningar